1. **Breyta heiti Danmerkursunds í Grænlandssund**

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordiska Centerungdomens Förbund (NCF)

Hafsvæðið milli Íslands og Grænlands hefur lengi verið nefnt Grænlandssund á íslensku. Á alþjóðavettvangi er hins vegar víða notað enska heitið Denmark Strait. Heitið er dregið af Danmörku þrátt fyrir að sundið sé milli Íslands og Grænlands.

Örnefni eru hluti tungumálsins og geta endurspeglað sögu og menningu. Í anda norræns tungumála- og menningarsamstarfs telur UNR eðlilegt að stuðla að notkun heitis sem endurspeglar tungumál og menningu Íslands og Grænlands.

UNR samþykkir að:

Norðurlandaráð beiti sér fyrir því að heitið Grænlandssund og samsvarandi heiti á öðrum norrænum tungumálum sem byggja á því heiti, verði notað í norrænu samstarfi.

Norðurlandaráð beiti sér fyrir því að enska heitið Greenland Strait verði tekið upp á alþjóðlegum kortum, í gagnasöfnum og öðrum landfræðilegum heimildum.

2. **Forvarnir gegn þungunarrofi á öllum Norðurlöndum**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ung fyri Miðflokkin
Samtök sem styðja tillögu: Høgravendur Ungdómur X við A

Norðurlandaráð skal vinna að forvörnum gegn þungunarrofi.

Barn í móðurkviði er manneskja sem á sín mannréttindi eins og annað fólk. Þess vegna teljum við ekki ásættanlegt að heimilt sé að binda enda á líf ófæddra barna án rökstuðnings. Þungunarrof getur einnig haft verulegar afleiðingar fyrir konur sem það velja, bæði líkamlegar og sálrænar. Einnig hefur sýnt sig að margar konur sem gengist hafa undir þungunarrof sjá eftir þeirri ákvörðun síðar á ævinni. Þess vegna teljum við að Norðurlandaráð eigi að vinna að því að koma í veg fyrir þungunarrof.

Það má gera með því að bjóða aðstoð við konur sem telja sig komnar í erfiða stöðu vegna þungunar sinnar. Einnig má gera að skilyrði að veitt sé ráðgjöf um aðra möguleika og umhugsunarfrestur. Reynslan frá Þýskalandi sýnir að þetta hefur fækkað þungunarrofum verulega samanborið við önnur lönd þar sem þungunarrof er frjálst.

UNR leggur til að við skulum

• vinna eins og kostur er að því að koma í veg fyrir þungunarrof
• gera ráðgjöf og umhugsunarfrest að skilyrði áður en hægt sé að gangast undir þungunarrof
• bjóða konum sem íhuga þungunarrof aukinn stuðning

3. **Endurreisn virðingar og gæða pólitískrar umræðu**

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordisk Ungkonservativ union (NUU)

Pólitísk ungliðasamtök gegna lykilhlutverki í mótun stjórnmálamenningar morgundagsins. Auknar kröfur til umræðumenningar fela ekki í sér skerðingu á tjáningarfrelsi, heldur að axla ábyrgð á því hvernig umræðan fer fram. Ungt fólk á skilið pólitískan vettvang þar sem hægt er að takast kröftuglega á um hugmyndir án lítilsvirðingar, áreitni eða að beitt sé óheiðarlegum málflutningi.

Mörg ungmenni eru fráhverf stjórnmálum, meðal annars vegna þess að grundvallarreglur um gagnkvæma virðingu skortir. Þjóðkjörið stjórnmálafólk ætti að sýna af sér það besta í fari okkar og vera yfirvegað og skynsamt ráðafólk. Engu að síður einkennist umræðan allt of oft af óviðeigandi framkomu, svo sem framígripum og persónulegum árásum. Þegar grundvallarreglur um góða framkomu eru á undanhaldi, dvínar um leið traust almennings á lýðræðinu.

Samfélagsmiðlar svo sem TikTok og Instagram Reels gegna nú lykilhlutverki í pólitískum herferðum. Algóriþmar þeirra forgangsraða æsilegu efni til að hámarka virkni notenda sem aftur ýtir undir skautun í orðfæri stjórnmálafólks sem vill ná til sem flestra. Ungt fólk á Norðurlöndum á skilið pólitíska umræðu sem upplýsir og styrkir fremur en að innihaldi hennar sé ætlað að valda æsingi og sundrungu.

Tillaga okkar:

- Að efla persónulega ábyrgð og siðferðileg viðmið stjórnmálafólks og stjórnmálasamtaka til að stuðla að umræðu sem byggir á virðingu og staðreyndum.
- Stuðla að ábyrgum pólitískum samskiptum á samfélagsmiðlum með því að hvetja til þess að farið sé að gildandi reglum ESB, þar á meðal reglugerðinni um gagnsæi og markvissa miðlun stjórnmálaauglýsinga, TTPA, fremur en að innleiða óþarfar nýjar takmarkanir.
- Efla stuðning við ungt fólk í stjórnmálum sem verður fyrir áreitni, hótunum og markvissum hatursherferðum á netinu og styrkja réttarvernd þess.

4. **Gera börn og ungmenni sýnileg í Helsingforssamningnum**

Samtök sem leggja fram tillögu: Kristdemokratisk Ungdom i Norden (KDUN)

Helsingforssamningurinn er grundvöllur norræns samstarfs og kveður á um umgjörð samstarfs Norðurlandanna.

Börn og ungmenni eru mikilvægur hluti af norrænum samfélögum og framtíð norræns samstarfs. Ákvarðanir sem teknar eru í norrænu samstarfi hafa áhrif á þau og seinna munu þau sjálf bera ábyrgð á að þróa samstarfið enn frekar. Norrænt samstarf tekur nú þegar til málefna sem varða að miklu leyti börn og ungmenni. Þó er ekki fjallað um börn og ungmenni í Helsingforssamningnum.

Að gera börn og ungmenni sýnileg í samningnum væri yfirlýsing um að norrænt samstarf sé ekki aðeins samstarf þeirra sem taka ákvarðanir nú, heldur einnig samstarf fyrir og með komandi kynslóðum.

UNR leggur til að:
Norðurlandaráð beiti sér fyrir því að bætt verði við ákvæði um börn og ungmenni í Helsingforssamninginn.

5. Björgum lýðræðinu frá skautun!

Samtök sem leggja fram tillögu: Demarinuoret (Socialdemokratisk ungdom rf.)
Samtök sem styðja tillögu: Sveriges Socialdemokratiska Ungdomsförbund (SSU)

Skautun hefur að undanförnu verið sívaxandi vandamál um allan heim. Hún ýtir undir hatursáróður og uppgang öfgaafla og hefur í einhverjum tilvikum leitt til pólitísks ofbeldis. Þessir þættir draga úr öryggi og stöðugleika í samfélögum okkar og er ógn við lýðræði og mannréttindi. Því verður strax að ráðast gegn skautun.

Skautun á sér ýmsar ástæður. Um langt skeið hefur óstöðugleiki í heiminum aukist stöðugt og sífellt brjótast út ný átök. Loftslagsbreytingar ógna framtíð mannsins, ekki síst unga fólksins. Samfélagsmiðlar gegna sömuleiðis verulegu hlutverki með því að halda að fólki síbreytilegu efni og stuttum myndskeiðum þar sem öfgafyllstu sjónarmiðin fá oft mesta athygli.

Skautun er áskorun við lýðræðið á margan hátt. Mörgu fólki finnst stjórnmál fráhrindandi vegna þess fjandsamlega andrúmslofts sem þar ríkir og fyrir vikið verður þetta umhverfi sífellt ótryggara. Þetta getur leitt til þess að opinbert vald safnist á hendur fárra einstaklinga. Björgum lýðræðinu okkar!

Við í UNR krefjumst þess:

Að almenn opinber umræða og samstarf milli flokka og hópa verði eflt. Að sýndur sé vilji til málamiðlana þegar þess er kostur.

Að lýðræðisfræðsla í skólum verði efld, þar með talið færni í rökræðum og getan til að skilja ólík sjónarmið.

Að hatursáróður á stafrænum miðlum sæti strangara eftirliti, einkum þegar hvatt er til ofbeldis.

6. **Ein landamæri, ein aðgerð: Norræn umgjörð um björgunaraðgerðir yfir landamæri**

Samtök sem leggja fram tillögu: Moderata Ungdomsförbundet
Samtök sem styðja tillögu: Kokoomusnuoret, Unga Moderater på Åland

Norðurlöndin eru meðal samþættustu svæða heims. Þó er það svo að skipulag björgunar- og neyðarþjónustu einskorðast að miklu leyti við landamæri einstakra ríkja.

Þegar neyðin er stærst skiptir hver mínúta máli. Stjórnsýsluferli og lagaleg óvissa geta seinkað aðgerðum og haft alvarlegar afleiðingar. Þrátt fyrir að tvíhliða samningar geti verið fyrir hendi er samstarfið sveiflukennt og háð frumkvæði á hverjum stað.

Sameiginleg norræn umgjörð yrði viðbót við störf björgunarþjónustu í löndunum en kæmi ekki í stað hennar. Næsta tiltæka lögreglulið, sjúkrabifreið eða slökkvilið og björgunarsveit ætti að geta brugðist við óháð landamærum. Það myndi auka öryggi, stuðla að betri nýtingu fjármuna og styrkja viðbúnað á Norðurlöndum

Með því að byggja áfram á traustum grunni norræns samstarfs má tryggja að landamæri standi aldrei í vegi fyrir björgun mannslífa.

Ég legg til að UNR vinni að því:

að hvetja norrænu ríkisstjórnirnar til að þróa sameiginlega umgjörð um samstarf lögreglu, sjúkraflutninga, slökkviliðs og björgunarþjónustu yfir landamæri,

að stuðla að því að meginreglan verði sú að næsta tiltæka björgunarlið sé kallað út og sent á vettvang óháð landamærum,

að hvetja Norðurlöndin til að halda á hverju ári sameiginlegar æfingar þvert á landamæri, einkum á landamærasvæðum, með þátttöku lögreglu, sjúkraflutninga, björgunarþjónustu og viðbragðsaðila.

7. **Sniðgöngum HM 2034 í Sádi-Arabíu**

Samtök sem leggja fram tillögu: Sammanslutningen för Nordens Unga Socialliberaler (SNUS)

Sádi-Arabía er gestgjafaland HM karla í knattspyrnu 2034. Af skýrslu FIFA, þar sem kaflinn um mannréttindi er merktur gulur, má sjá að frammistaða þeirra á því sviði skorar ekki hæstu einkunn. Sádi-Arabía skorar ekkert mark þegar kemur að frjálsu lýðræði. Þetta er ríki þar sem konur sæta kúgun, mannréttindi eru brotin, farið er afar illa með farandverkafólk og pólitískir andstæðingar eru fangelsaðir eða með öðrum hætti sviptir möguleikum til að láta að sér kveða og áfram mætti telja.
Því telur SNUS að

- Norðurlöndin ættu að sniðganga HM í Sádi-Arabíu þar sem við teljum ekki rétt að ríki þar sem slík vandamál eru fyrir hendi hljóti viðurkenningu og fjárhagslegan ávinning af viðburði sem hugsanlega gæti aukið enn frekar á þær skelfilegar aðstæður sem þar viðgangast

8. Ókeypis sálfræðiþjónusta fyrir fólk yngra en 25 ára sem líður illa

Samtök sem leggja fram tillögu: Sammanslutningen för Nordens Unga Socialliberaler (SNUS)

Ókeypis sálfræðiþjónusta fyrir fólk yngra en 25 ára sem líður illa
Margt ungt fólk glímir við vanlíðan og slæma andlega heilsu. Sálfræðiþjónusta getur verið dýr, ekki síst fyrir námsfólk. Í Danmörku eiga ungmenni yngri en 24 ára rétt á ókeypis sálfræðiþjónustu hafi þau greinst með kvíða eða þunglyndi eða orðið fyrir alvarlegum áföllum á undangengnu ári. Vanlíðan ein og sér veitir þó ekki rétt til slíkrar þjónustu. Löggjöf er mismunandi á Norðurlöndum en almennt hefur athyglin ekki beinst nægilegum mæli að vanlíðan þrátt fyrir að hún geti þróast í geðrænan vanda.
Því telur SNUS að sálfræðiþjónusta ætti að vera ókeypis öllum yngri en 25 ára á Norðurlöndum, óháð því hvort viðkomandi er með greiningu eða ekki

9. Krafa um nafnlausar starfsumsóknir

Samtök sem leggja fram tillögu: Sammanslutningen för Nordens Unga Socialliberaler (SNUS)

SNUS telur að lögfesta eigi að starfsumsóknir séu ekki persónugreinanlegar með nafni og mynd. Þetta á að tryggja að umsækjendum sé ekki hafnað á grundvelli uppruna eða kyns.

Rannsóknir hafa sýnt að fólk verður ómeðvitað fyrir áhrifum af fordómum sem það gerir sér ekki sjálft grein fyrir en geta birst þegar taka þarf skjótar ákvarðanir, svo sem við mat á starfsumsóknum. Með því að gera atvinnurekendum skylt að taka við og meta starfsumsóknir án persónulegra upplýsinga er tryggt með lögum að umsækjendur á

Norðurlöndum njóti jafnræðis við ráðningar. Fyrir tiltekin störf er þó rökrétt að umsóknir séu ekki nafnlausar. Þetta gæti átt við um æðstu stjórnunarstöður fyrirtækja, þegar umsækjendur eru sóttir markvisst til annarra fyrirtækja eða þegar atvinnurekandi hefur sett sér markmið um aukinn fjölbreytileika meðal starfsfólks.

Sé unnt að færa málefnaleg rök fyrir því að víkja frá ópersónugreinanlegu umsóknarferli getur fyrirtæki ákveðið að taka við persónugreinanlegum starfsumsóknum en slíka ákvörðun skal þá rökstyðja í starfsauglýsingunni.

SNUS telur því að

- Skylda skuli atvinnurekendur til að taka við og meta ópersónugreinanlegar starfsumsóknir

10. Norðurlönd þurfa að efla lestarsamgöngur innan svæðisins og til Evrópu

Samtök sem leggja fram tillögu: Sammanslutningen för Nordens Unga Socialliberaler (SNUS)

Um þriðjungur losunar gróðurhúsalofttegunda á Norðurlöndum er frá samgöngum og er hlutur millilandaflugs þar stór. Með lestarsamgöngum er orkunýting betri en með flugi og bifreiðum sem stuðlar að minni umferðarþunga og hávaðamengun og bætir borgarumhverfið.

Þá bæta góðar lestarsamgöngur aðgengi og auka hreyfanleika almennings. Lestir til Evrópu auka möguleika námsfólks, ferðafólks og launafólks til ferðalaga og efla tengsl milli landa okkar. Stríðið í Úkraínu hefur sýnt hversu mikilvægir járnbrautainnviðir eru fyrir flutninga á fólki, vopnum og varnarbúnaði. Til að efla viðbúnað Norðurlanda þarf því að styrkja járnbrautartengingar innan Norðurlanda og til Evrópu á friðartímum.

Þess vegna telur SNUS að Norðurlöndin verði að axla ábyrgð á að byggja upp góðar lestarsamgöngur innan Norðurlanda og til Evrópu, með því að styðja rekstur þeirra leiða sem fyrir eru og stuðla uppbyggingu nýrra leiða. Járnbrautarfyrirtækin verða á fá þann ríkisstuðning sem þarf til að viðhalda lestarsamgönguleiðum og auka framboðið. Það er fjárfesting í samgöngum til framtíðar, í þágu loftslags, atvinnulífs og allra sem kjósa umhverfisvænan ferðamáta.

SNUS vill:

- Veita fjárhagslegan stuðning til lestarleiða sem þegar eru fyrir hendi innan Norðurlanda og til Evrópu
- Byggja upp nýjar lestarleiðir innan Norðurlanda og til Evrópu
- Tryggja ódýra lestarmiða innan Norðurlanda og til Evrópu
- Byggja upp nýjar lestarleiðir milli Norðurlandanna og færa þær sem fyrir eru til nútímahorfs

11. **Réttur ungs fólks til aðkomu að ákvarðanatöku**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungdomssektorn rf
Samtök sem styðja tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi

Aðkoma ungs fólks að ákvarðanatöku er nauðsynleg til að lýðræði virki, byggi á víðtækri þátttöku og sé sjálfbært. Ungt fólk á ekki aðeins að taka ákvarðanir í framtíðinni heldur á það að taka virkan þátt í mótun samfélagsins nú þegar. Ungmennaráð á sveitarstjórnar- og svæðisstigi koma sjónarmiðum ungs fólks á framfæri þegar ákvarðanir eru teknar, þau efla hæfni til lýðræðislegrar þátttöku og byggja upp samtal milli ungs fólks og ráðamanna. Þá gefa ungmennaráðin einnig ungmennum sem ekki hafa öðlast kosningarétt kost á að taka þátt. Þátttakan takmarkast þó alltof oft við að unga fólkið fær að taka til máls eða að áhrif þess séu aðeins að nafninu til. Ef ekki er tekið raunverulegt tillit til sjónarmiða ungs fólks missir þátttaka þess gildi sitt og traust á stofnunum veikist. Því er þörf á að varanlegum og óháðum ungmennaráðum sem hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku.

UNR leggur til að:
1. Hlutverk ungmennaráða verði sett í lög og þau fái sess í ákvarðanatöku á sveitarstjórnar- og svæðisstigi. Ungmennin skulu hafa málfrelsi og rétt til setu á fundum sveitarstjórna, nefnda og ráða, auk þess að mega leggja fram tillögur að eigin frumkvæði.

2. Ungmennaráðum verði tryggð varanleg fjármögnun og nægileg aðstoð innan stjórnsýslunnar. Ungt fólk skal sjálft stofna ungmennaráðin, kjósa fulltrúa í þau og stýra starfi þeirra til að tryggja sjálfstæði ráðanna og að þau séu raunverulegur vettvangur ungs fólks.

3. Tryggt verði að upplýsingamiðlun í tengslum við ákvarðanatöku sé opin og gagnsæ. Erindi frá ungmennaráðum skulu tekin til efnislegrar umfjöllunar og sé þeim hafnað skal sú ákvörðun rökstudd. Jafnframt verði samstarf ungmennaráða á Norðurlöndum eflt og stuðlað að aukinni miðlun góðra starfsvenja þeirra á milli.

12. **Samnorræn söngvakeppni**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi
Samtök sem styðja tillögu: Ung norræn

Menning gegnir mikilvægu hlutverki við að móta sjálfsmynd, samkennd og samheldni. Menning stuðlar einnig að betri skilningi á nágrannaþjóðum okkar og menningu þeirra. Skilningur Norðurlandabúa á tungumálum nágrannaþjóðanna fer minnkandi en áhugi á menningu annarra landa er mikilvæg hvatning til læra tungumál þeirra. Norðurlöndin standa að fjölmörgum sameiginlegum menningarverkefnum en þau ná ekki öll til breiðs hóps fólks. Þörf er á sýnilegum og aðgengilegum viðburði sem sameinar okkur

Norðurlandabúa.

Til viðbótar við Eurovision, söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, er þörf á norrænni keppni þar sem öll Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, geta tekið þátt. Lagt er til að ríkisútvarp landanna taki þátt í keppninni og að Nordvision annist skipulagningu hennar. Keppnin yrði haldin til skiptis í löndunum. Keppni sem þessi gæti eflt norræn menningartengsl, aukið ferðamennsku og styrkt ímynd Norðurlanda á alþjóðavettvangi. Stór árlegur viðburður gæti orðið að nýrri sameiginlegri menningarhefð. Lögin yrðu flutt á norrænni þjóðtungu eða minnihlutatungu.

Norðurlandaráð ungmenna leggur til að:
– Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin og Nordvision kanni forsendur fyrir því að komið verði á fót söngvakeppni og haldi slíkan viðburð í tilraunaskyni.
– Öllum Norðurlöndunum átta verði boðin þátttaka í keppninni sem fari fram á norrænum tungumálum og verði árlegur viðburður sem höfðar til ungs fólks.

13. **Betri tengsl við náttúruna verði hluti af námskrá allra námsgreina á Norðurlöndum**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi
Samtök sem styðja tillögu: Ung norræn

Tengsl ungs fólks við náttúruna veikjast eftir því sem fólki fjölgar í þéttbýli og notkun tækni eykst í daglegu lífi. Þetta hefur áhrif á vellíðan, umhverfisvitund og getu fólks til að skilja umhverfisvá. Undirliggjandi er einnig mannhverft viðhorf þar sem litið er svo á að náttúran sé aðskilin og undirskipuð manninum. Þetta stangast á við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, einkum markmið 4 um menntun fyrir alla og markmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

Tengslin við náttúruna ættu ekki aðeins að vera kennsluefni í líffræði heldur mætti einnig fjalla um þau í öðrum námsgreinum, svo sem stærðfræði, tungumálum, sögu, listgreinum og íþróttum. Með því væri stefnt að því að efla skilning ungs fólks á mikilvægi náttúrunnar í öllu námi, í stað þess að um sé að ræða afmarkað verkefni sem hægt er að ljúka. Samræmt verklag á Norðurlöndum myndi tryggja að ungt fólk hafi jöfn tækifæri til að efla tengsl við náttúruna, óháð búsetulandi.

Norðurlandaráð ungmenna leggur til að:
– Menntamálaráðherrar Norðurlandanna séu hvattir til að tryggja að tengsl við náttúruna verði hluti af námskrám allra námsgreina í grunn- og framhaldsskólum.

– Námsefni þar sem tengsl við náttúruna er fléttað inn í kennslu einstakra námsgreina verði bætt við kennaranám.

– Norðurlöndin vinni sameiginleg tilmæli og taki saman dæmi um góðar starfsvenjur frá aðildarlöndunum sem dreift verði eigi síðar en árið 2027.

– Skólar verði hvattir til að nýta náttúruna í nærumhverfi sínu sem námsumhverfi allra námsgreina, en ekki aðeins á sérstökum útivistardögum.

14. **Efling norræna líkansins um ungmennaráð**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi
Samtök sem styðja tillögu: Ung norræn, FNUDK

Tækifæri ungs fólks til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í sveitarstjórnum og á svæðum eru mismikil á Norðurlöndum. Ungmennaráð eru mikilvægur vettvangur þar sem ungt fólk getur tekið þátt en staða þeirra, réttindi og fjármögnun eru mismunandi. Þess vegna er þörf á sameiginlegum lágmarksviðmiðum sem tryggja áframhaldandi starfsemi og sjálfstæði ungmennaráða og raunveruleg tækifæri þeirra til að hafa áhrif.
Markmið þeirra byggjast á pólitískum tilmælum sem mynda norræna ungmennaráðslíkanið og voru unnin í sameiningu af norrænum hagsmunasamtökum ungmennaráða, fulltrúum í ungmennaráðum og fólki sem starfar með ungmennaráðum.

Sambærileg stefna var samþykkt á aðalfundi Evrópska ungmennavettvangsins (YFJ) árið 2026 þar sem samtökin skuldbundu sig til að stuðla að því að staða ungmennaráða á sveitarstjórnar- og svæðisstigi yrði bundin í lög og þeim tryggt nægilegt fjármagn og raunveruleg tækifæri til áhrifa.
Norðurlandaráð ungmenna leggur til að:

1. ungmennaráð verði lögbundin í öllum sveitarfélögum og á öllum svæðum
2. ungmennaráð hafi rétt til að ákveða sjálf hvaða málefni þau vilja hafa áhrif á
3. fulltrúar ungmennaráða hafi jafnan rétt til þátttöku í fundum sveitarstjórna, byggðarráða og viðkomandi nefnda, taka þar til máls og leggja fram tillögur að eigin frumkvæði
4. tryggt verði nægilegt fjármagn og ráðinn sérstakur starfsmaður með tilhlýðilega menntun og tækifæri gefist til að koma tímanlega að undirbúningi ákvarðana og aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.

15. **Aukin lýðræðisfræðsla og fleiri tækifæri ungs fólks til að hafa áhrif**

Samtök sem leggja fram tillögu: Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi
Samtök sem styðja tillögu: FNUDK

Lýðræði byggir á að ungt fólk hafi þekkingu á því hvernig samfélagið virkar og tækifæri til að taka þátt í því. Ungu fólki getur þó fundist fjarlægt eða torsótt að hafa áhrif á samfélagið ef upplýsingar skortir um hvernig það getur látið til sín taka eða ef ekki eru tækifæri til þátttöku í daglegu lífi þess.

Lýðræðisfræðslu er ætlað að veita ungu fólki þekkingu á lýðræðislegri ákvarðanatöku og mismunandi leiðum til að hafa áhrif og auka færni sína í að taka þátt í samfélagsumræðu.

Norðurlandaráð ungmenna leggur til að:

– unnin verði sameiginleg norræn tilmæli um að skólar og sveitarfélög bjóði ungu fólki reglulega upp á lýðræðisfræðslu og
– raunhæf tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif. Í tilmælunum ætti einnig að taka tillit til ungs fólks sem hefur ekki reynslu af því að hafa áhrif á samfélagsmál.
– ungt fólk fái með skipulögðum hætti tækifæri til að taka þátt á vettvangi samfélagsumræðu sem fyrir er og hafa áhrif á ákvarðanir, einnig þegar um er að ræða málefni sem varða samfélagið í heild. Þátttaka þeirra ætti ekki að einskorðast við málefni ungs fólk eða vettvang sem eingöngu er ætlaður ungu fólki.

16. Norrænt menningardagatal

Samtök sem leggja fram tillögu: Foreningen Nordens Ungdom (no)
Samtök sem styðja tillögu: Ung Norræn og Pohjola-Nordens Ungdomsförbund

Menning og menningarsamskipti eru mikilvæg til að efla norræna samkennd og þekkingu á Norðurlöndum. Ár hvert eru haldnir óteljandi tónleikar, hátíðir, sýningar, leiksýningar og aðrir menningarviðburðir á Norðurlöndum sem gætu höfðað til Norðurlandabúa þvert á landamæri.

Þó getur verið erfiðleikum bundið að fá yfirsýn yfir alla menningu sem er í boði annars staðar á Norðurlöndum. Upplýsingar eru oft dreifðar á innlendum og staðbundnum vefsíðum og viðburðirnir því lítt sýnilegir Norðurlandabúum utan þess lands sem viðburðirnir eru haldnir í.

Samnorrænt yfirlit yfir menningarviðburði gæti auðveldað fólki að kynnast og taka þátt í menningarlífi handan landamæra. Það gæti stuðlað að betra aðgengi að norrænni menningu og að því Norðurlöndin birtust frekar sem eitt sameiginlegt menningarsvæði.

Því vill UNR að:

- Norræna ráðherranefndin kanni möguleika á að koma á fót sameiginlegu norrænu menningardagatali þar sem upplýsingum um menningarviðburði á Norðurlöndum er safnað

saman og íbúum landanna gert auðveldara að finna og sækja menningarviðburði handan landamæra.

17. Nýir Norðurlandabúar og samfélag Norðurlanda

Samtök sem leggja fram tillögu: Foreningen Nordens Ungdom (no)
Samtök sem styðja tillögu: Ung Norræn og Pohjola-Nordens Ungdomsförbund

Tengsl Norðurlanda eru sterk á sviði menningar, sögu og tungumála. Þekking á norrænni sögu, menningu og tungumálum er mikilvægur þáttur í skilningi á Norðurlöndunum og samstarfi þeirra.

Fólk sem flytur til norræns lands gengur um leið inn í samfélag sem er hluti af samnorrænni heild. Aðgengi að þekkingu á menningu, sögu, tungumálum og samfélögum Norðurlanda getur því stuðlað að því að fleiri kynnist þeim tækifærum sem bjóðast á Norðurlöndum og skynji sig sem hluta af norrænu samfélagi.

Nú þegar eru fyrir hendi miklar upplýsingar um Norðurlönd en þær eru talsvert dreifðar á ýmsar innlendar og norrænar upplýsingaveitur. Sameiginleg upplýsingaveita á mörgum tungumálum gæti auðveldað fólki sem nýlega hefur flutt til Norðurlanda að nálgast þessa þekkingu.

Í slíkri upplýsingaveitu mættu meðal annars vera upplýsingar um norræna sögu og menningu, norræn tungumál, samfélagshætti og tækifæri til að búa, starfa og stunda nám víðsvegar um Norðurlönd.

Því vill UNR að:

• Norræna ráðherranefndin kanni möguleika á að koma á fót opinni stafrænni upplýsingaveitu á mörgum tungumálum um menningu, sögu, tungumál og samfélög Norðurlanda, fyrir fólk sem flytur til Norðurlanda.

18. Samnorrænn bókaklúbbur

Samtök sem leggja fram tillögu: Foreningen Nordens Ungdom (no)
Samtök sem styðja tillögu: Ung Norræn og Pohjola-Nordens Ungdomsförbund

Bókmenntir eru mikilvægur þáttur í norrænni menningu og stuðla að auknum málskilningi, menningarsamskiptum og þekkingu á Norðurlöndum. Norrænum bókmenntun er gert hátt undir höfði, meðal annars með bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs.

Þó eru norrænar bókmenntir ekki endilega vel þekktar meðal íbúa annarra Norðurlanda en landsins þar sem bækurnar eru gefnar út. Samnorrænt verkefni gæti opnað leið fyrir fleiri að bókmenntum annarra Norðurlanda og um leið verið vettvangur til að koma saman og ræða um bókmenntir. Þetta er einnig mikilvægt á tímum þegar dregur úr lestrarfærni barna, færri lesa og minna er lesið en áður.
Með sameiginlegu norrænu lestrarátaki væri tekist á við þessar áskoranir. Slíkt átak mætti útfæra í samstarfi við bókasöfn, skóla og menningarstofnanir á hverjum stað. Átakið gæti tengt saman lesendur milli landa gegnum bókaklúbba á netinu, höfundasamtöl og aðra menningarviðburði.

Því vill UNR að:

- Norðurlöndin standi sameiginlega að árlegu norrænu lestrarátaki þar sem athygli er beint að norrænum bókmenntum og lestraráhuga og grundvöllur myndaður fyrir menningarsamskipti milli íbúa Norðurlanda yfir landamæri.

19. Ekkert eftirlit með öllum vegna fárra

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordens Liberale Ungdom (NLU)

Stjórnvöldum ber skylda til að rannsaka alvarlega glæpi og vernda þolendur. En glæpir sem fáeinir fremja mega ekki leiða til þess að einkalíf og öryggi annarra sé skert.

Áætlun ESB „ProtectEU" ætti að vera víti til varnaðar gegn því að veita stjórnvöldum aðgang að dulkóðuðum einkasamskiptum. Markmið hennar er að kanna tæknilegar lausnir sem veita lögreglu aðgang að dulkóðuðum gögnum.

Það kemur ekki bara niður á afbrotamönnum að veikja eða fara í framhjá dulkóðun. Sérhver veikleiki sem búinn er til fyrir yfirvöld getur einnig grafið undan þeirri vernd sem almennir borgarar, fyrirtæki og opinberar stofnanir treysta á. Baráttan gegn glæpum á að fela í sér rannsókn á þeim sem grunaðir eru um afbrot en ekki með því að flétta möguleika á vöktun inn í samskiptakerfi alls almennings.

Þetta er einnig gífurlega mikilvægt þjóðaröryggismál. Ef við veitum stjórnvöldum óheftan aðgang að gögnum okkar munu erlend ríki á borð við Rússland geta nýtt sér þennan möguleika til að afla upplýsinga Árásin á „Salt Typhoon" í Bandaríkjunum er dæmi um það. Hún sýndi hvernig lögleg hlerunarkerfi geta orðið skotmörk annarra þjóðríkja.

Norðurlandaráð ungmenna telur því að:

- Hafna beri almennu eða tilviljanakenndu eftirliti með einkasamskiptum
- Hafna beri kröfum sem veikja eða fara framhjá dulkóðun enda á milli

- Krefjast beri þess að íþyngjandi aðgangi að einkasamskiptum sé markvisst beint að tilteknum aðilum og háður samþykki óháðs aðila
- Halda beri í þá meginreglu að afbrot fárra réttlæti ekki að farið sé með heildina sem hugsanlega grunaða

20. Tjáningarfrelsi tekur einnig til óvinsællar tjáningar

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordens Liberale Ungdom (NLU)

Tjáningarfrelsi verndar ekki aðeins vinsælar og almennt viðurkenndar skoðanir heldur einnig þær sem eru umdeildar. Í lýðræðissamfélagi á að bregðast við friðsamlegri tjáningu með umræðu, gagnrýni og mótrökum fremur en óþarfa takmörkunum af hálfu hins opinbera.

Tjáningarfrelsi leysir fólk þó ekki undan ábyrgð á beinum hótunum, áreitni, hvatningu til ofbeldis eða annarri ólögmætri háttsemi.

Síðasta áratug hefur orðið of auðvelt að banna sjónarmið sem við erum ósammála. Áhrifin hafa verið þveröfug, róttæk hugmyndafræði hefur eflst vegna fórnarlambsvæðingar og fylgjendur hennar hafa einangrast enn frekar í eigin bergmálshellum. Eina leiðin til að stemma stigu við þeirri víðtæku öfgahyggju sem á sér stað er með umræðum og samtali.

Norðurlandaráð ungmenna telur því að:

- Vernda beri víðtækt frelsi til pólitískrar, trúarlegrar, heimspekilegrar og menningarlegrar tjáningar
- Tryggja skuli að takmarkanir á tjáningarfrelsi séu skýrt skilgreindar, nauðsynlegar og í samræmi við meðalhóf
- Vernda skuli friðsamlega tjáningu, jafnvel þótt hún gangi gegn ríkjandi pólitískum eða samfélagslegum viðhorfum
- Leggja skuli áherslu á opna umræðu og málefnaleg andmæli frekar en ritskoðun, þar sem þess er kostur

21. Verndum almannarétt

Samtök sem leggja fram tillögu: Grønn Ungdom i Norden (GUN)

Rétturinn til fara frjálst um náttúruna hefur löngum verið mikilvægur þáttur í norrænni menningu. Nýting náttúrunnar hefur verið grunnstoð í afkomu okkar og skipar enn mikilvægan sess í sjálfsmynd okkar. Skíðaiðkun og rótgróin útivistarmenning er enn ríkur þáttur í frí og frístundum. Hreindýrarækt og annar beitarbúskapur hefur gegnt mikilvægu hlutverki í verðmætasköpun á Norðurlöndum. Skerjagarðurinn og hafið hefur tengt okkur

saman. Á undanförnum áratugum hefur aukin einkavæðing og uppbygging í náttúrunni hins vegar ógnað þessum rétti sem á sér djúpar rætur í sameiginlegri menningu okkar.

Margt ungt fólk á Norðurlöndum glímir við geðrænan vanda og eftir kórónuveirufaraldurinn hefur sá vandi verið mikill og stöðugur. Ljóst er að aðgangur að náttúrunni hefur jákvæð áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu og stuðlar að samveru og félagslegum samskiptum. Almannarétturinn getur því einnig verið mikilvæg leið til að bæta andlega og líkamlega heilsu á Norðurlöndum og sýnir það glöggt mikilvægi þess að almenningur hafi aðgang að náttúrunni.

Almannaréttur er lögfestur með beinum hætti í Noregi og á Íslandi er hann tryggður í náttúruverndarlögum. Annars staðar á Norðurlöndum gilda mismunandi og óskýrar reglur um þennan rétt.

UNR biður því norrænu löndin um að tryggja aðgengi okkar að norrænni náttúru með því að:

- Vinna að lögfestingu allmannaréttar á öllum Norðurlöndum.
- Greiða fyrir aðgengi allra að náttúrunni. Halda við og koma upp nýjum grænum svæðum.
- Tryggja að umferð um náttúruna sé með sjálfbærum hætti.

22. Evrópumeistaramót í knattspyrnu á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordiska Centerungdomens Förbund (NCF)

Knattspyrna er ein vinsælasta íþrótt heims og Evrópumeistaramótið leiðir saman fólk frá ýmsum löndum. Norðurlönd eiga langa hefð fyrir samstarfi og með því að standa saman að Evrópumeistaramóti í knattspyrnu gæti þau styrkt norræna samkennd. Í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð er öflugt knattspyrnustarf og góðar forsendur til að eiga samstarf um stóran evrópskan íþróttaviðburð.

Stórir íþróttaviðburðir geta haft jákvæð keðjuverkandi áhrif á nærsamfélög, atvinnulíf, sjálfboðastarf og íþróttastarf. Engu að síður getur verið krefjandi fyrir norrænt land að standa eitt að framkvæmd Evrópumeistaramóts. Með samstarfi geta löndin skipt með sér kostnaði og nýtt þá leikvanga og innviði sem þegar eru fyrir hendi, í stað þess að reisa stór mannvirki sem fyrst og fremst yrðu nýtt meðan á mótinu stendur.

Norðurlönd ættu að vera í fararbroddi um hvernig standa má að stórum íþróttaviðburðum á sjálfbæran hátt. Sameiginlegt Evrópumeistaramót á Norðurlöndum gæti jafnframt nýst til að efla almennt knattspyrnustarf, kvennaknattspyrnu, sjálfboðastarf og íþróttastarf fyrir börn og ungmenni.

UNR vill:

- Að haft verði frumkvæði að sameiginlegu framboði Norðurlandanna til að halda Evrópumeistaramót í knattspyrnu í framtíðinni.

-Að sameiginlegt Evrópumeistaramót Norðurlanda í knattspyrnu nýti eins og kostur er leikvanga og innviði sem þegar eru fyrir hendi.

-Að kostnaður og fjárfestingar skiptist með réttlátum hætti milli norrænu landanna.

-Að mótið verði haldið á nokkrum svæðum á Norðurlöndum til að tryggja starfsemi og keðjuverkandi áhrif víða um Norðurlönd, með fjárfestingum í almennu knattspyrnustarfi, kvennaknattspyrnu, sjálfboðastarfi og íþróttum fyrir börn og ungmenni.

23. Samræming réttinda frumbyggja á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Grønn Ungdom

Samtök sem styðja tillögu: Vihreät Nuoret, Grön Ungdom

Réttarstaða Sama á Norðurlöndum er mismunandi eftir löndum. Noregur hefur fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnuninnar (ILO) nr. 169 um réttindi frumbyggja en það hefur ekki enn verið gert í Svíþjóð og Finnland.

Þar sem búsvæði Sama ná yfir landamæri getur mismunandi regluverk torveldað varðveislu og miðlun tungumáls, menningar og hefðbundinna lifnaðarhátta milli kynslóða. Því voru gerð drög að norrænum samningi um málefni Sama sem árið 2016 varð að endanlegum texta samnings milli Norðurlandanna. Markmiðið var að styrkja réttindi Sama alls staðar á Norðurlöndum en fullgildingarferlið stöðvaðist og samningurinn hefur enn ekki tekið gildi.

Sterkara norrænt samstarf um réttindi frumbyggja skiptir máli til að efla samstarf um menntun, menningarsamskipti, rannsóknir og atvinnuþróun. Norðurlönd eiga þegar samstarf um tungumál, menntun og menningu, en þar sem samísk tungumál hafa sérstöðu sem tungumál frumbyggja í löndunum njóta þau ekki sömu stöðu og önnur norræn tungumál innan norræna tungumálasamfélagsins.

Þar sem stefnt er að því að Norðurlönd verði sífellt samþættara svæði ættu frumbyggjar einnig að njóta ávinnings af norrænu samstarfi. Landamæri mega ekki veikja möguleika á að varðveita og þróa tungumál, menningu og hefðir.

UNR leggur til að Norðurlandaráð:

- Vinni að því að Svíþjóð og Finnland fullgildi samþykkt ILO nr. 169.
- Hvetji ríkisstjórnir Noregs, Svíþjóðar og Finnlands til að hefja aftur, í samráði við Samaþingin, vinnu við norræna samninginn um málefni Sama.
- Tryggi að sjónarhorn frumbyggja sé hluti norrænna áætlana um menntun, menningarsamskipti, rannsóknir og atvinnuþróun.

24. Bann við hraðvaxta kjúklingum

Samtök sem leggja fram tillögu: Sveriges Socialdemokratiska Ungdomsförbund (SSU)

Samtök sem styðja tillögu: AUF

Á Norðurlöndum er hundruðum milljóna kjúklinga slátrað árlega og yfirgnæfandi meirihluti þeirra eru svonefndir hraðvaxta kjúklingar. Þetta er kynbættur stofn sem vex gríðarlega hratt. Kjúklingarnir geta náð 50 földum fæðingarþunga á aðeins 35 dögum. Þessi hraði vöxtur leiðir oft til sjúkdóma, sársauka og ótímabærs dauða.

Mikil afföll einkenna framleiðsluna. Í Svíþjóð einni saman er áætlað að um þrjár milljónir kjúklinga drepist árlega í atvinnugreininni áður en kemur að slátrun og telst það til framleiðslutaps. Fuglarnir sem hinir hraðvaxta fuglar eru aldir undan eru látnir lifa lengur en er haldið stöðugt hungruðum til að hægja á óeðlilega hröðum vexti þeirra. Hungrið getur leitt til skaðlegrar hegðunar, svo sem að dýrin reiti af sér fjaðrirnar og í sumum tilvikum til sjálfsafráns.

Eldi á hraðvaxta kjúklingum veldur víðtækri þjáningu dýra í allri kjúklingaframleiðslu á Norðurlöndum. Með því að skipta hraðvaxta stofnum út fyrir stofna sem vaxa hægar má bæta velferð dýranna verulega og stuðla að sjálfbærari framleiðslu.

- Að UNR beiti sér fyrir því að hægvaxta stofnar leysi hraðvaxta stofna af hólmi í kjúklingaframleiðslu og styðji þar með bann við eldi hraðvaxta kjúklinga, með áherslu á velferð dýra og sjálfbæra neyslu ungs fólks.

25. Stafræn ökuskírteini milli Norðurlanda

Samtök sem leggja fram tillögu: Nordens Liberale Ungdom (NLU)

Tengslin milli Norðurlandanna eru náin og mikill hreyfanleiki er milli landanna. Margir Norðurlandabúar búa, starfa, stunda nám eða ferðast til annarra Norðurlanda en heimalandsins. Stafræn ökuskírteini eru nú landsbundin og ekki er hægt að nota þau sem skilríki í hinum Norðurlöndunum. Þess vegna þurfa borgarar sem fara milli Norðurlandanna að hafa með sér ökuskírteini á korti þrátt fyrir að vera með gilt stafrænt ökuskírteini.

Stafrænar lausnir ætti ekki að stöðva við landamæri. Samnorrænt fyrirkomulag myndi auðvelda fólki að ferðast milli Norðurlandanna og stuðla þannig að auknu ferðafrelsi. Sameiginlegir tækni- og öryggisstaðlar geta tryggt að unnt sé að sannreyna gildi stafrænna ökuskírteina með öruggum og skilvirkum hætti.

Því leggur UNR til að:

• Stafræn ökuskírteini norrænu landanna verði viðurkennd sem gild skilríki alls staðar á Norðurlöndum

• Norðurlöndin vinni saman að sameiginlegum tækni- og öryggisstöðlum fyrir stafræn ökuskírteini

26. Sömu réttindi alls staðar á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Liberal Alliances Ungdom
Samtök sem styðja tillögu: Venstres Ungdom, Ungmannafelagið Samband, Framsøkin Ung
Allt fólk á að jafnt fyrir lögum. Í samfélagi ættu ekki að vera margar hópar borgara með mismunandi lagaleg réttindi eftir þjóðernisuppruna þeirra. Löggjöf ætti að taka mið af einstaklingnum sem manneskju og borgara fremur en því hvaða þjóðfélagshópi hann tilheyrir.

Engu að síður eru í norrænu löndunum fyrir hendi sérstök lagaleg réttindi sem byggjast á þjóðernisuppruna. Þetta vekur grundvallarspurningu um hvar draga skuli mörkin varðandi það hver eigi að njóta þeirra réttinda. Þegar lagaleg réttindi eru háð þjóðernisuppruna þarf að skilgreina hver teljast tilheyra viðkomandi hópi og þar með að láta ríkinu eftir að skilgreina og flokka auðkenni fólks. Samfélag ætti öllu heldur að byggjast á því að allir borgarar séu jafnir fyrir lögum og njóti sömu réttinda.

Vernd menningar og sögulegra aðstæðna ætti því að tryggja með almennum reglum sem vernda tiltekna hagsmuni, starfsemi eða menningarverðmæti, fremur en með lagalegri mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna.

Því leggur UNR til að:

• Þjóðernisbundin sérréttindi verði afnumin nema þar sem þau byggjast á ófrávíkjanlegum alþjóðlegum skuldbindingum

• Menning og sögulegar aðstæður njóti verndar gegnum almennar reglur sem byggjast ekki á þjóðernisuppruna

27. Lögleiðum betl á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Liberal Alliances Ungdom
Samtök sem styðja tillögu: Venstres Ungdom

Betl snýst um persónulegt frelsi og viðkvæma félagslega stöðu. Fólk ætti að jafnaði að eiga rétt á að biðja aðra um peninga rétt eins og þau sem spurð eru ætti að vera frjálst að ákveða hvort þau vilja gefa. Að biðja um peninga er lögmæt leið til að leita til annars fólks og ætti

að vera leyfileg eins og önnur tjáning og samskipti manna á milli. Því felur bann við slíkri beiðni í sér skerðingu á grundvallarréttindum einstaklingsins.

Auk þess leysir bann við betli ekki þann vanda sem er undirliggjandi ástæða fátæktar. Heimilisleysi, atvinnuleysi, misnotkun eða skortur á aðgangi að félagslegum bótum hverfur ekki þótt betl sé bannað. Fyrir fólk sem hefur ekki nægar tekjur getur betl verið leið til að afla fjár fyrir brýnustu nauðsynjum. Bann takmarkar því tækifæri fólks í viðkvæmri félagslegri stöðu án þess að leysa vanda þess. Þá ætti ekki að fela fátækt í almannarýminu enda getur sýnileiki hennar stuðlað að því að samfélagið bregðist við félagslegum vanda.

Mismunandi löggjöf á Norðurlöndum getur auk þess verið hvati að því sem kalla mætti betliferðamennsku. Sameiginleg norræn nálgun myndi tryggja áþekkar reglur og draga úr slíkum hvata.

Því leggur UNR til að:

• Betl verði löglegt alls staðar á Norðurlöndum

• Norðurlöndin vinni saman að sameiginlegum viðmiðunarreglum um betl

28. Lögleiðum virka dánaraðstoð á Norðurlöndum

Samtök sem leggja fram tillögu: Liberal Alliances Ungdom
Samtök sem styðja tillögu: Venstres Ungdom, Ungmannafelagið Samband, Framsøkin Ung
Norðurlöndin eru þekkt fyrir að standa vörð um mannlega reisn, réttaröryggi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga. Engu að síður skortir íbúa Norðurlanda grundvallarfrelsi: réttinn til að ráða lífslokum sínum.

Fólk sem glímir við ólæknandi sjúkdóma eða óbærilegar kvalir hefur afar takmarkaða möguleika á að velja sér verðugan dauðdaga. Það neyðist til að lifa síðustu mánuðina eða árin við mikinn sársauka án þess að geta lokið lífinu á eigin forsendum. Annað fólk sér sig knúið til að ferðast til útlanda – iðulega til Sviss eða Benelúxlandanna – þar sem virk dánaraðstoð er leyfð. Slíkar ferðir eru dýrar, erfiðar í framkvæmd og tilfinningalega þungbærar og margt fólk á þess einfaldlega ekki kost að takast þær á hendur. Aðeins efnameira fólk hefur aðgang að verðugum lífslokum.

UNR telur að sjálfsákvörðunarréttur fólks eigi einnig að ná til lífsloka. Virk dánaraðstoð innan strangra lagaramma yrði mikilvægt skref í átt til að tryggja fólki reisn og fullan sjálfsákvörðunarrétt á öllum Norðurlöndum.

UNR leggur til að:

1. Virk dánaraðstoð verði heimiluð í lögum á Norðurlöndum með skýrum og ströngum lagalegum skilyrðum.

2. Úrræðið verði eingöngu í boði fyrir einstaklinga sem er ákvörðunarhæft, þjást af ólæknandi sjúkdómum eða óbærilegum kvölum, og hafa af fúsum og frjálsum vilja óskað eftir dánaraðstoð.

3. Komið verði á óháðu eftirliti og vöktun sem tryggi gagnsæi og komi í veg fyrir misnotkun.

4. Norðurlöndin vinni saman að gerð samræmdra leiðbeininga um virka dánaraðstoð til að tryggja sambærilegt réttaröryggi og siðferðislega ábyrga framkvæmd á öllu svæðinu.

29. Fjöldahlutlaus hjúskaparlöggjöf

Samtök sem leggja fram tillögu: Framsøkin Ung
Samtök sem styðja tillögu: Liberal Alliances Ungdom

Allir fullorðnir einstaklingar eiga að geta gengið í hjónaband á jafnræðisgrundvelli, óháð kyni eða kynhneigð. Samkynja pör geta gengið í hjónaband alls staðar á Norðurlöndum, en ekkert landanna heimilar hjónabönd fleiri en tveggja einstaklinga. Fjölástasambönd eiga að teljast eins lögmæt og hjónabönd tveggja einstaklinga. Lagaramminn ætti ekki að standa í vegi fyrir hjónavígslu fólks sem þess óskar, óháð samsetningu sambandsins. Breytingar myndu veita fjölástarhjónum betri lagalega vernd, til dæmis ef eitt hjónanna fellur frá eða ef sambandi lýkur og kemur til skilnaðar.

UNR leggur til að:

- Innleiða fjöldahlutlaus hjúskaparlög alls staðar á Norðurlöndum.

30. Fólk verði látið taka ábyrgð á áfengisneyslu sinni

Samtök sem leggja fram tillögu: Venstres Ungdom
Samtök sem styðja tillögu: Ungmannafelagið Samband, Framsøkin Ung, Liberal Alliances Ungdom

Sum Norðurlönd eru með strangar reglur um sölu áfengis. Þetta er oft rökstutt með vísan til lýðheilsu og þess markmiðs að draga úr áfengisneyslu. Strangar reglur eru þó í sjálfu sér ekki trygging fyrir ábyrgri áfengismenningu.

Í Finnlandi voru mörkin fyrir sölu gerjaðra áfengra drykkja í almennum verslunum hækkuð úr 5,5 í 8 prósent áfengisinnihald árið 2024. Engu að síður dró áfram úr skráðri áfengisneyslu árið 2025. Þetta sýnir að frjálsari aðgangur og minnkandi drykkja geta farið saman.

Áfengi er einnig hluti norrænnar menningarhefðar. Í Danmörku er til dæmis algengt að bera fram bjór og snafs þegar fólk borðar saman á aðventunni. Óþarflega strangar reglur

takmarka frelsi til að viðhalda þessum hefðum og dönsk áfengismenning ætti ekki að njóta verri skilyrða í öðrum norrænum löndum.

Ungt fólk á að læra að umgangast áfengi á ábyrgan hátt með fræðslu, samtali og við öruggar aðstæður. Með ströngum reglum er hætt við að neyslan verði í felum og áfengisins aflað eftir ólöglegum leiðum. Markmiðið ætti að vera ábyrgar áfengisvenjur og virðing bæði fyrir þeim sem drekka og hinum sem gera það ekki.

Norðurlandaráð ungmenna leggur til að:
- Sala á bjór, víni og öðrum áfengum drykkjum, þar með talið sterku áfengi, verði leyfð í almennum verslunum og ríkiseinkasala á áfengi verði afnumin.
- Frá 16 ára aldri megi kaupa áfenga drykki með allt að 16,5 prósent áfengisinnihaldi og alla áfenga drykki frá 18 ára aldri.
- Stuðlað sé að ábyrgri áfengismenningu ungs fólks með fræðslu og samtali fremur en frekari almennum takmörkunum.
- Virðing sé borin fyrir norrænni áfengismenningu, þar með talið danskri áfengismenningu, í norrænu samstarfi.